

## AUGLÝSING

### um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum o.fl.

#### 1. gr.

Skilmálar þessir taka til nauðungarsölu við uppboð á eignum og réttindum sem falla undir XI. og XII. kafla laga um nauðungarsölu nema annað sé ákveðið sérstaklega við sölu á tilteknum munum eða uppboðið í heild sinni.

#### 2. gr.

Þegar sýslumaður hefur skorað þrívægis á viðstadda að gera frekari boð í hlut án þess að þau komi fram lætur hann hamar falla og getur þess um leið hvort boði sé tekið og hvaða.

Komi ekkert boð fram í hlut getur sýslumaður ákveðið að bæta öðrum munum við og leita boða í þá í einu lagi.

Sýslumanni er óskilytt að taka boði telji hann það óhæfilega lágt með hliðsjón af líklegu markaðsverði hlutar. Getur hann þá orðið við kröfu aðila um að hafna öllum boðum og fresta til annars uppboðs að reyna sölu á ný.

Sýslumaður hafnar öllum boðum í hlut, ef nauðungarsala fer fram til fullnustu peninga-kröfu og ekki er boðið meira en svo, að enginn gerðarbeiðenda fái nokkra greiðslu í sinn hlut af söluverðinu.

#### 3. gr.

Munir seljast í því ástandi sem þeir eru í þegar hamar fellur.

#### 4. gr.

Kaupandi verður ekki krafinn sérstaklega um greiðslu kostnaðar eða greiðslu virðisauka-skatts af sölu hlutar til viðbótar við boð sitt.

#### 5. gr.

Greiðsla söluverðs fer fram við hamarshögg. Þó má ákveða, áður en boða er leitað, að gjaldfrestur verði veittur við sölu tiltekinna muna enda komi um það ósk eða samþykki frá gerðarbeiðanda.

#### 6. gr.

Kaupandi ber áhættu af munum frá því að hamar fellur. Þegar um bifreið er að ræða skal kaupandi tryggja hana áður en hún er færð af uppboðsstað. Að öðrum kosti verða skráningarmarki hennar fjarlægð.

#### 7. gr.

Kaupanda er rétt og skylt að taka muni í sínar vörslur um leið og kaupverð þeirra er greitt. Sé gjaldfrestur veittur verða munir varðveittir á kostnað og áhættu kaupanda þar til verð þeirra er að fullu greitt.

#### 8. gr.

Engin ábyrgð er tekin á ástandi muna eða heimild yfir þeim og getur kaupandi ekki haft uppi kröfu um riftun, afslátt eða skaðabætur eftir að söluverðinu hefur verið ráðstafað.

Skilmálar þessir fyrir uppboðssölu á eignum og réttindum samkvæmt XI. og XII. kafla laga um nauðungarsölu eru settir samkvæmt ákvæðum í 65. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90 23. desember 1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn A. Jónsson.*